

Nú fór í hönd tími vináttu og töluverðra samskipta. Þess skal þó strax getið að þar var George ætíð veitandinn en ég og íslenskir skjólstæðingar mínir þiggjendur. Alloft leitaði ég til George um álit og ráðleggingar í erfiðum og stundum sjaldgæfum sjúkdómstíffellum. Ætíð fékk ég mjög greinargóð og vel rökstudd álit send til baka.

Fyrir tæpum 10 árum hugðist ég kynna mér nýjungar í skurðaðgerðum nokkurra vel þekktu bækluarsjúkdóma barna. Ég leitaði til George Simons og bað hann að benda mér á nokkra góða spítala þar sem ég gæti kynnst slíkum aðgerðum. Síðan ætlaði ég að skrifa þessum spítölum og leita eftir leyfi til heimsóknna eins og ég hafði stundum gert áður. Í svarbréfi hafði George valið fimm spítala sem hann taldi hvað

besta í meðferð þessara greina. Hann hafði jafnframt talað við yfirlækna þessara stofnana og var ég boðinn velkominn í heimsókn. Varð þetta til þess að dvöl mín á þessum stöðum varð jafnvel enn notadrygri en ella hefði orðið. Í þessari ferð naut ég aftur gestrisni þeirra hjóna í Milwaukee um nokkurra daga skeið.

George Simons var í mörgu andstæða þess sem oft er talið einkenna framámenn. Hann var hæglátur, yfirvegaður og barst lítið á. Hann var ákaflega hjálpsamur og greiðvikinn. Fyrst og fremst tel ég þó að hann hafi verið metinn af samverkamönnum fyrir eljusemi og afburða þekkingu í barnabækluarlækningum.

Um hann má vissulega segja að gömlum íslenskum hætti: Hann var drengur góður.

Fréttatilkynning frá Eli Lilly:

## Niðurstöður rannsókna birtar opinberlega

ELI LILLY & Company hefur sent frá sér yfirlýsingu þess efnis að frá og með síðasta fjórðungi þessa árs muni fyrirtækið birta opinberlega allar niðurstöður úr klínískum rannsóknum sem kostaðar eru af fyrirtækinu. Lilly er frumkvöðull á þessu sviði og með þessu verkefni hefur fyrirtækið sett fram ný viðmið varðandi birtingu á niðurstöðum úr rannsóknum.

Eftirfarandi er haft eftir Sidney Taurel stjórnarformanni og forstjóra Lilly: „Lilly skilur að sjúklingar, viðskiptavinir og gagnrýnendur eru að leita eftir gagnsæjum svörum sem leggja sitt af mörkum til ákvarðanatöku á sviði heilbrigðismála. Tilkynning okkar sýnir viðleitni til að birta opinberlega upplýsingar úr klínískum rannsóknum framkvæmdum af Lilly. Þessi birting ætti að verða ómetanleg fyrir sjúklinga og lækna þegar þeir þurfa að taka upplýstar ákvarðanir um lyf frá Lilly.“

Birtar verða niðurstöður allra Fasa I til Fasa IV rannsókna á markaðssettum lyfjum, hvar sem þær eru framkvæmdar í heiminum. Þar að auki mun fyrirtækið byrja að birta upphaf allra klínískra rannsókna í Fasa III og Fasa IV. Einnig verður birt lýsing á hönnun og aðferðarfræði rannsókna og allar niðurstöður hvort sem þær styðja þær kenningar sem verið var að prófa eður ei.

Lilly hefur með þessu skuldbundið sig til þess að birta allar rannsóknarniðurstöður á hlutlausan og nákvæman hátt. Þessar upplýsingar verða birtar á veffanginu: [www.lillytrials.com](http://www.lillytrials.com). Auk þess vill Lilly ítreka og staðfesta aftur þær skuldbindingar sínar að haldið verður áfram að birta upplýsingar um rannsóknir á alvarlegum og lífshættulegum sjúkdómum sem Lilly er að byrja að framkvæma. Þessar upplýsingar verða áfram birtar á veffanginu: [www.clinicaltrials.gov](http://www.clinicaltrials.gov).

Byrjað verður á að birta upplýsingar um allar klínískar rannsóknir á markaðssettum lyfjum sem lokið hefur verið eftir 1. júlí 2004. Auk þess mun skráin vera afturvirk og birtar verða niðurstöður skráningar-rannsókna á virkni og öryggi skráningarrannsókna á markaðssettum lyfjum sem hafa verið samþykkt eftir 1. júlí 1994.

Fyrirtækið mun fela óháðum þriðja aðila að endurskoða, yfirfara og staðfesta að verið sé að fylgja þessum loforðum eftir varðandi birtingu niðurstaðnanna.

Ef óskar er frekari upplýsinga um þetta málefni vinsamlegast hafið samband við Solveigu Sigurðardóttir, lyfjafræðing og rannsóknarfulltrúa eða Helenu Línal, lyfjafræðing og rannsóknarfulltrúa í síma 520 3400.